

Ný meðaltöl veðurþátta, 1961–1990.

TRAUSTI JÓNSSON

Veðurstofu Íslands

Bústaðavegi 9

IS-150 Reykjavík

ÁGRIP

Hér er fjallað í stuttu máli um meðaltöl nokkurra veðurþátta hérlendis 1961–1990 og þau borin saman við meðaltöl árunna 1931–1960. Í ljós kemur að síðara tímabilið var lítillega kaldara en hið fyrra og úrkoman dreifðist nokkuð mismunandi á árið á þessum tveimur tímabilum.


HITAFAR

Á 1. mynd má sjá mismun meðalhita árunna 1961–1990 og 1931–1960. Tekið er meðaltal 14 veðurstöðva víðs vegar um land. Í ljós kemur að kólnað hefur í öllum mánuðum ársins nema í febrúar. Mest hefur kólnað á haustin sem og í mars. Hugsanlegt er að kólnunin á bjartasta tíma ársins tengist að einhverju leyti breyttum mæliaðstæðum. Seint á fyrra tímabilinu voru mælar færðir úr veggskýlum og yfir í fríttstandandi skýli. Meðaltölin eru þó reiknuð á þann hátt að ólíklegt er að þessi breyting hafi teljandi áhrif á niðurstöður þær sem myndin sýnir.

Kólnunin er mest við norðurströndina og á Norðausturlandi, allt að 1°C. Ástæðan er vafalítið þau breyttu skilyrði sem urðu í hafinu fyrir norðan land uppúr 1960. Rétt er þó að minna á að oft er erfitt að greina milli orsaka og afleiðinga. Minnst eru frávikin við suðurströndina, sem og inn til landsins um vestan- og norðvestanvert landið.

Á 2. mynd má sjá hvernig hiti sveiflaðist frá ári til árs í Stykkishólmi á þessu tímabili. Fyrstu 4 árin til og með 1964 eru hlý. Kólnunin 1965 markar upphaf hafísáranna svonefndu og er hiti lágur allt til 1972 en þá hlýnaði nokkuð aftur. Árin næstu þar á eftir eru þó

mjög breytileg og skiptast á hlý og köld ár, á furðu reglulegan hátt. Ástæða er til að benda á hið kalda ár 1979, sem og kuldann 1981 til 1983, en þá er álfka kalt og á hafísárunum, þrátt fyrir lítinn ís. Frá og með 1984 hlýnaði aftur og var sérlega hlýtt 1987, en eins og sjá má á myndinni voru þau hlýindi ekki viðvarandi. Flestar þessar hitasveiflur má tengja ýmist sveiflum í loftstraumum eða atburðum í hafinu umhverfis landið. Mismunur á köldustu og hlýjustu 12 mánuðum þessa tímabils er hátt í 3°C.



Mynd 1 / Fig. 1. Breyting meðalhita frá 1931/1960 til 1961/1990. Meðaltal 14 veðurstöðva í öllum landshlutum. Temperature change 1931/1960 to 1961/1990, an average of 14 stations around the country.